

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Samráðsgátt mál nr. S-121/2020

Reykjavík, 6. júlí 2020

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga

Stjórvöld hafa birt til umsagnar drög að reglugerð um skráningu einstaklinga þar sem sett eru fram ýmis nánari ákvæði sem byggja á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019. Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vilja koma því á framfæri við ráðuneytið að frá setningu laganna hefur skapast nokkur vandi meðal lífeyrissjóða vegna breyts verklags við beiðnir um útgáfu kerfiskennitalna.

Mikil aukning hefur verið á því að erlendir ríkisborgarar starfi á íslenskum vinnumarkaði. Samhliða vinnu hér á landi hafa þessir einstaklingar áunnið sér lögbundin réttindi í lífeyrissjóðakerfinu. Við fráfall sjóðfélaga öðlast eftirlifandi maki og börn rétt til lífeyris. Í þeim tilvikum sem maki og börn búa erlendis og hafa ekki íslenska kennitölu hefur verið óskað eftir útgáfu á kerfiskennitölum til að unnt sé að greiða viðkomandi lífeyri.

Fyrir gildistöku laga nr. 140/2019 höfðu lífeyrissjóðir milligöngu um beiðnir um útgáfu á kerfiskennitölum. Hins vegar eftir gildistöku laga nr. 140/2019, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna var framkvæmdinni breytt þar sem aðeins opinberir aðilar í þróngri merkingu þess orðs höfðu slíkar heimildir. Til að geta greitt rétthöfum sem ekki hafa kennitölu hafa lífeyrissjóðir leitað á náðir Tryggingastofnunar ríkisins (TR) með að vera einskonar milliliður um slíka beiðnir. Þetta verklag er óásættanlegt í ljósi þess að nokkuð er um það að rétthafar í íslenska lífeyrissjóðakerfinu eigi engin réttindi frá TR.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur mikla sérstöðu þar sem um er að ræða lögbundið skyldutryggingakerfi, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Vegna lögbundinnar skyldutryggingar er íslenska lífeyrissjóðakerfið hluti almannatrygginga sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004. Í því ljósi verður að telja bæði rökrétt og eðlilegt að skyldubundnir lífeyrissjóðir verði skilgreindir sem opinberir aðilar sem eigi að hafa lögbundna heimild til milligöngu um skráningu á kerfiskennitölu sbr. síðari málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 140/2019.

Ráðuneytið hefur víðtækar heimildir til að setja ákvæði í reglugerð og leggja LL mikla áherslu á að heimild til handa lífeyrissjóðum til milligöngu um skráningu á kerfiskennitölu verði veitt með reglugerðarákvæði t.d. með því að setja inn skilgreiningu í 2. gr. reglugerðarinnar á hugtakinu opinberir aðilar og tiltaka þar að skyldubundnir lífeyrissjóðir sem starfi skv. lögum nr. 129/1997 falli þar undir.

Með vísan í framangreint leggja LL ríka áherslu á að í umrædda reglugerð um skráningu einstaklinga verði sett ákvæði sem veiti lífeyrissjóðum heimild til að hafa milligöngu um skráningu kerfiskennitölu án þess að þurfa að leita annað s.s. til TR en um er að ræða nauðsynlegar aðgerðir fyrir lífeyrissjóði til að þeim sé unnt að greiða rétthöfum lögbundinn lífeyri úr lífeyrissjóðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri